

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1855
komudagur 26.4.2006



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök Iðnaðarins

Alþingi
Umhverfisstofnun
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

26. apríl 2006

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka Iðnaðarins um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál

Samtökin gera ekki athugasemdir við fyrstu 5 greinar frumvarpsins þar sem fjallað er um verkaskiptingu innan ríkisins um hvornig fylgst skuli með útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi.

Hins vegar er lagt til að 6. og 7. gr. frumvarpsins falli niður.

Eins og 6. gr. frumvarpsins er orðuð eru líkur til að um þessar mundir falli einungis þrjú fyrirtæki í landinu undir frumvarpsgreinina og er þeim einum gert að skila inn upplýsingum um útstreymi til Umhverfisstofnunar sem þar að auki er heimilt að innheimta tilfallandi kostnað hjá fyrirtækjum þessum án þess að nokkurt þak sé á hann sett og svo er þar að auki gert ráð fyrir að unnt sé að leggja dagsektir á þessi fyrirtæki.

Eins og tekið er fram í greinargerð með frumvarpinu gilda um þessi fyrirtæki mjög umfangsmiklir lagabálkar og reglugerðir og er fyrirtækjunum gert að skila inn alls kyns upplýsingum samkvæmt þeim og m.a. hefur verið sett sérstök reglugerð um útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Það getur því ekki staðist að lagaheimildir skorti til að krefja þessi fyrirtæki sérstaklega um frekari upplýsingar en þau þegar veita en ef svo væri er auðvelt að bæta úr því með því að gefa út reglugerð þar að lútandi en eins og kunnugt er hefur umhverfisráðherra afar víðtækt vald til reglugerðarsetningar samkvæmt lögum um hollustuhætti- og mengunarvarnir.

Allar upplýsingar um útstreymi frá þessum fyrirtækjum liggja þegar fyrir og þau hafa verið samstarfsfús við yfirvöld í þessum málum. Fullyrða má að mun meiri óvissa ríki um um útstreymi hér á landi frá flestum öðrum atvinnugreinum en á við um þessi þrjú fyrirtæki. Nægir þar að minna á umsagnir úttektarnefnda loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna um úrgang og breytingar á landnotkun.

Það vekur furðu að örfá fyrirtæki, þar sem hvað auðveldast er að nálgast upplýsingar um útstreymi, skuli þurfa að greiða kostnað vegna staðfestingar á útstreymi en engir aðrir.

Samtök atvinnulífsins hafa á undanförmum árum hvatt umhverfisráðuneytið til þess að fela eftirlit með lögum og reglugerðum faggiltum skoðunarstofum og draga úr beinu eftirliti hins opinbera. Lítið hefur gerst í þessum málum og fyrirtæki sem skila grænu bókhaldi, standa skil á öllum upplýsingum og hafa jafnvel sett upp vottað umhverfisstjórnkerfi samkvæmt alþjóðlegum stöðlum fá í engu að njóta þess með minna eftirliti af hálfu hins opinbera eins og þó eru lagaheimildir til um.

Því er mótmælt að sett verði ný lagaákvæði til að skylda örfá fyrirtæki til að skila inn sömu upplýsingum og þeim er gert samkvæmt öðrum lögum og að það skuli gert með nýjum kröfum um staðfestingu upplýsinga án þess að nokkur afsiáttur komi á móti af opinberu eftirliti og sett ný refsiaákvæði til viðbótar þeim sem þegar eru fyrir samkvæmt öðrum lögum. Lagaumhverfi þessara fyrirtækja er sennilega það flóknasta, umfangsmesta og viðtækasta sem um nokkur fyrirtæki gilda hér á landi. Viðurlög sem t.d. Umhverfisstofnun getur beitt gagnvart þeim er að finna í fjölmörgum lagabálkum og reglugerðum og til dæmis gerir reglugerð um útstreymisbókhald ráð fyrir viðtækum þvingunaraðgerðum og allt að sektum og fangelsisvist.

Ákvæði 6. og 7. gr. frumvarpsins eru því með öllu óþörf og einungis til þess fallin að skapa túlkunarvanda, erfið skil milli laga og mismunun sem ekki er unnt að fallast á.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson


Bryndís Skúladóttir